

Skólanámskrá

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Ábyrgð

Virðing

Velliðan



Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<i>Geta til aðgerða og vinnubrögð og færni</i>	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. • lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum, og útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks. • útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og kannað áræðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur. • beitt vísindalegum vinnubrögðum og framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. • sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt, hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra. • gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. • lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum, aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi og kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og upplýsingaveitur. • beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið. 			
Nýsköpun og hagnýting þekkingar og gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • lýst hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd og lýst því hvernig rafmagn verður til. • þekkt nýsköpun og nýsköpunarferli, framtíðarnýtingu orku. 			
Ábyrgð á umhverfinu og heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir notkun manna á auðlindum. • bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi. • útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu. 			
Að búa á jörðinni og lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> • fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans. • tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir. • útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er. • lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum. • gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama. 			
Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt landfræðileg einkenni Íslands samanborið við önnur lönd í Evrópu. • þekkt orku- og auðlindir Íslands samanborið við önnur lönd í Evrópu. • gert skil á helstu nýtingu náttúruauðlinda. • rætt um náttúruvernd tengt nýtingu náttúruauðlinda. 			
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> • greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra. • fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru. 			